



	Hafnarfjarðarbær
Innk:	10/7 2014
Málsnr:	120252
Bréfal:	551

Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Kópavogi 7. júlí 2014

**Varðar: Tillögur stýrihóps um endurskoðun á vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu**

Stýrihópur um endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu hefur haldið utan um verkefnið frá því að stjórn SSH óskaði eftir því við sveitarfélögum að svo yrði í lok árs 2011.

Hópinn skipa nú eftirtaldir:

Steingrímur Hauksson	Kópavogi
Eysteinn Haraldsson	Garðabæ
Árný Sigurðardóttir	Reykjavíkurborg
Jóhanna B. Hansen	Mosfellsbæ
Gísli Hermannsson	Seltjarnarnesi
Sigurður Haraldsson	Hafnarfirði

Ráðgjafar við endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu eru Verkfræðistofan Vatnaskil og Mannvit hf. Tillögur að endurskoðuðum vatnsverndarsvæðum byggja á niðurstöðum líkanreikninga og greiningu Vatnaskila. Þó að verkefnið falli ekki að lögum um umhverfismat áætlana þá hefur því verklagi verið fylgt. Verkefnislýsing var kynnt í lok árs 2013 og voru niðurstöður Vatnaskila kynntar ásamt öðrum kostum sem tillögur á vinnslustigi í apríl 2014. Í báðum tilvikum gafst umsagnar- og hagsmunaðilum kostur á að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Við móton tilagnanna hefur verið haft víðtækt samráð við sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir. Frumniðurstöður verkefnisins voru kynntar í tvígang fyrir fulltrúaráði SSH. Haldnir voru sérstakir fundir með heilbrigðisnefndum og sveitarfélögum. Endurskoðun heilbrigðissamþykktar hefur verið í höndum Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, sem í sitja framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlita.

Stýrihópurinn hefur fjallað um tillögurnar eftir að þær voru kynntar og farið yfir viðbrögð við athugasemdum. Að mati hópsins er mikilvægt að fylgja eftir þeiri heildstæðu sýn sem náðst hefur og tryggja að íbúar höfuðborgarsvæðisins hafi aðgang að hreinu grunnvatni til vatnstöku sem ekki þarfnað sérstakrar meðhöndlunar til neyslu. Því er mikilvægt að öll vatnsbólum og verndarsvæði þeirra séu skilgreind með sama hætti. Hópurinn leggur áherslu á að sátt ríki um aðferðafræðina og nauðsyn þess að viðhalda rennslislíkanu til að hægt verði að fylgjast með þróun komandi ára og treysta bekkingargrunninn enn frekar. Einnig vill hópurinn leggja áherslu á að mikilvægt sé að niðurstaða

vatnsverndar skili sér í tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðis, því er mikilvægt að ljúka verkefninu sem fyrst og auglýsa tillögurnar. Hópurinn leggur því til að:

- Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir á höfuðborgarsvæðinu samþykki að auglýsa meðfylgjandi tillögur að mörkum vatnsverndarsvæða og endurskoðaðri heilbrigðissamþykkt.
- Gildistaka á breyttum svæðum í Mosfellsdal verði þremur árum eftir staðfestingu og Mosfellsbæ verði þannig veitt nauðsynlegt svigrúm til að vinna viðbótarathuganir sem varða framtíðar vatnstöku sveitarfélagsins og ákvörðun um hvort vatnstöku verði framhaldið þar eftir þrjú ár, og þá hvort viðbótarathuganir leiði til nauðsynlegra breytinga á afmörkun vatnsverndarsvæða byggt á aðferðarfræði heildarendurskoðunar vatnsverndar.
- Formleg vatnsvernd í Fagradal er á forræði Grindavíkurbæjar. Tillaga að nauðsynlegum verndarsvæðum fyrir nýtt vatnsból þar, sem birtist í greinargerðinni, verði nýtt sem grunnur í samningum Hafnarfjarðarbæjar og Grindavíkurbæjar um vatnstöku og vatnsvernd.

Tillögunum fylgir ítarleg greinargerð þar sem niðurstöðum vinnunnar og þeim kostum sem voru til skoðunar eru gerð skil ásamt umhverfismati.

Eftirfarandi málsgögn eru aðgengileg á vef SSH, [www.ssh.is/til-kynningar/vatnsvernd](http://www.ssh.is/til-kynningar/vatnsvernd)

- Tillaga að afmörkun verndarsvæða vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarness, Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar.
- Tillaga að samþykkt um verndarsvæða vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarness, Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar.
- Greinargerð um heildarendurskoðun.

Við hjá SSH er reiðubúnin að kynna verkefnið og niðurstöðuna fyrir sveitarstjórnnum og heilbrigðisnefndum áður en ákvörðun er tekin. Vinsamlegast hafið samband á ssh@ssh.is til að finna hentugan tíma.

Óskað er eftir því að afgreiðsla sveitarstjórnana og heilbrigðisnefnda liggi fyrir 15. september.

Fyrir hönd stýrihóps,



Hrafnkell Á. Proppé